




# Vörumerki


Auðkenni  
markaðarins



- Vörumerkjaréttur í stuttu máli
- Skráning vörumerkja
- Meðhöndlun umsókna
- Alþjóðleg skráning vörumerkja



Einkaleyfastofan



## EFNISYFIRLIT

---

- 4 Hvað er vörumerki?
  - Orðmerki
  - Bókstafir og tölustafir
  - Orð og mynd
  - Myndmerki
  - Útlit eða umbúðir vöru
- 6 Vörumerkjavernd
- 7 Helstu skilyrði verndar
- 9 Umsókn um skráningu vörumerkis
- 10 Alþjóðleg skráning vörumerkis
- 11 Félagamerki



# HVAÐ ER VÖRUMERKI?

---

- Orðmerki
- Bókstafir og tölustafir
- Orð og mynd
- Myndmerki
- Útlit eða umbúðir vöru

Vörumerki eru hvers kyns sýnileg tákn sem notuð eru í atvinnustarfsemi til að greina vörur og þjónustu eins aðila frá vörum og þjónustu annarra. Jafnframt geta vörumerki, með notkun, tengst eða staðið fyrir ákveðna ímynd um vöru eða framleiðanda. Þá eru vörumerki oft notuð sem firmaheiti og lén.

Eftirfarandi dæmi gefa hugmynd um þau tákn sem hægt er að skrá sem vörumerki.



## Orðmerki

Orð eða orðasambönd, firmaheiti, manna-nöfn, slagorð o.fl.:

EVE ONLINE (180/2006)

ÖSSUR (469/1997)

LATIBÆR (1249/1999)

POTTAGALDRAR (397/1989)

SILVÍA NÓTT (731/2005)

HAGUR Í HEILSU (771/2004)

ÞÚ TRYGGIR EKKI EFTIR Á (156/2003)

---

## Bókstafir og tölustafir

# KB

(731/2004)



(576/2003)

# IBM

(78/1952)

---

## Orð og mynd



(230/2005)



(408/2005)



(235/2004)

---

## Myndmerki



(697/2001)



(428/2001)



(581/2002)

---

## Útlit eða umbúðir vöru



(MP 669792)



(MP 829551)



(MP 796200)

---

# VÖRUMERKJAVERNÐ

Á heimasíðu Einkaleyfastofunnar, [www.els.is](http://www.els.is), er hægt að leita í vörumerkjaskrá að skráðum vörumerkjum hér á landi.

Vörumerkjavernd skapast með tvennum hætti, notkun eða skráningu hjá Einkaleyfastofunni. Það er ekki skylda að skrá merki. Það getur hins vegar verið æskilegt að fá úr því skorið áður en farið er út í kostnaðarsamt markaðsstarf hvort merki sé þess eðlis að hægt sé að fá einkarétt á því. Ennfremur er mikilvægt að hafa merki skráð ef til þess kemur að verja þurfi það fyrir ágangi annarra.



*Vörumerki eru auðkenni sem greina vörur og þjónustu eins aðila frá vörum og þjónustu annarra.*

Skráning veitir eiganda merkis einkarétt á að nota merki hér á landi. Vernd skráðs vörumerkis hefst á þeim degi sem umsókn er lögð inn og gildir í 10 ár frá skráningardegi. Að þeim tíma liðnum er hægt að endurnýja skráninguna til 10 ára í senn, eins oft og eigandi þess óskar.

## HELSTU SKILYRÐI VERNDAR

Til að merki njóti verndar samkvæmt lögum um vörumerki nr. 45/1997, þarf það að uppfylla þau skilyrði er þar koma fram. Meginskiyrði fyrir skráningu vörumerkis er að merkið sé til þess fallið að greina vörur eða þjónustu eiganda þess frá vörum eða þjónustu annarra, þ.e. merki verður að hafa nægjanlegt sérkenni.

Merki sem lýsa tegund vörunnar, ástandi, magni, notkun, verði, uppruna eða öðru álíka eru ekki talin hafa nægjanlegt sérkenni. Sama gildir um tákn eða orðasambönd sem teljast algeng í viðskiptum eða notuð eru í daglegu máli. Dæmi um slík merki væru t.d. Gæða filmur, Íslenskt vatn, Reykjavík, Netþjónustan, Sendum heim og Staðgreiðsluafsláttur. Merki sem innihalda óskráningarhæf orð geta þó talist skráningarhæf í tiltekinni útfærslu eða ásamt mynd sem hefur nægjanlegt sérkenni. Einkaréttur er þá veittur á heildarmynd merkisins.



# 66°N



*Vörumerki eru oft notuð sem firmaheiti.*

Merki má ekki skrá ef það:

- er of líkt skráðu vörumerki eða heiti á fyrirtæki annars manns
- villir um fyrir mönnum, t.d. um uppruna eða tegund
- felur í sér opinber tákn án tilskilinnna leyfa
- brýtur gegn höfundarétti annars manns



Þrátt fyrir að vörumerki uppfylli skilyrði um sérkenni geta önnur atriði komið í veg fyrir skráningu.

Algengast er að skráningu sé hafnað vegna þess að merkið er of líkt vörumerki sem áður hefur verið skráð eða sótt hefur verið um skráningu á.

Ef eitthvað í merki gefur tilefni til að ætla að átt sé við fyrirtæki annars manns er einnig óheimilt að skrá merkið.

Merki má ekki villa um fyrir mönnum, t.d. um uppruna eða tegund vörunnar.

Þá er ekki heimilt að skrá merki sem felur í sér opinber tákn (s.s. skjaldamerki, fána eða byggðarmerki) nema tilskilin leyfi séu fyrir hendi. Sama gildir um merki sem skilja má sem sérkennilegan titil á bókmenntaverki eða öðru listaverki, eða felur í sér höfundarétt annars manns.

Fleiri atriði geta komið til s.s. að merki sé almennt andstætt lögum eða allsherjarreglu eða til þess fallið að valda hneyksli.

# UMSÓKN UM SKRÁNINGU VÖRUMERKIS

Umsókn um skráningu á vörumerki er lögð inn hjá Einkaleyfastofunni. Umsóknareyðublað er hægt að nálgast hjá Einkaleyfastofunni eða á heimasíðu stofnunarinnar, [www.els.is](http://www.els.is).

- Hver umsókn má aðeins taka til eins vörumerkis.
- Tilgreina þarf fyrir hvaða vöru eða þjónustu nota á merkið og í hvaða flokk varan eða þjónustan fellur samkvæmt alþjóðlegri flokkaskrá.
- Ef um myndmerki er að ræða þarf myndin að fylgja umsókninni, innfærð í þar til gerðan reit og sömuleiðis aukaentak.
- Tilgreina þarf í umsókn ef merki óskast skráð í lit eða þrívídd. Ef merki óskast skráð í þrívídd er heimilt að leggja inn auka myndir gegn greiðslu tilskilins gjalds.
- Fyrir umsókn greiðist gjald samkvæmt gjaldskrá á hverjum tíma.

Einkaleyfastofan kannar hvort vörumerki uppfyllir skilyrði til skráningar. Að þeim skilyrðum uppfylltum er merkið skráð og birt í ELS-tíðindum sem Einkaleyfastofan gefur út mánaðarlega og er aðgengilegt á heimasíðu Einkaleyfastofunnar. Ef skráningu er synjað er umsækjanda

## Forgangsréttur

Hafi umsókn um vörumerki verið lögð inn hér á landi, er hægt innan 6 mánaða frá umsóknardegi að leggja inn umsókn fyrir sama merki í öðru ríki og krefjast forgangsréttar frá upphaflegu umsókninni. Seinni umsókn telst þá lögð fram sama dag og sú fyrsta (s.k. forgangsréttardagur).

tilkynnt um það og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum.

Innan tveggja mánaða frá birtingu vörumerkis í ELS-tíðindum er hverjum sem er heimilt að andmæla skráningunni. Slík andmæli verður að rökstyðja.

Ef skráningu vörumerkis er andmælt er umsækjanda send tilkynning þar um og honum gefinn kostur á að koma fram með athugasemdir. Eftir að umsækjandi og andmælandi hafa tjáð sig um málið tekur Einkaleyfastofan málið til úrskurðar.

Aðilar geta síðar borið þann úrskurð undir Áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar og/eða höfðað mál fyrir dómstólum.

Umsóknareyðublað er aðgengilegt á heimasíðu Einkaleyfastofunnar, [www.els.is](http://www.els.is)

# ALPJÓÐLEG SKRÁNING VÖRUMERKIS

Vörumerki sem skráð eru hjá Einkaleyfastofunni gilda eingöngu á Íslandi, þ.e. eigandinn hefur aðeins einkarétt á merkinu hér á landi.

Ef markaðssetning er fyrirhuguð erlendis er mikilvægt að skrá merkið einnig í öðrum löndum ef tryggja á vernd þess.

Hægt er að leggja inn landsbundna umsókn í hverju ríki fyrir sig eða leggja inn umsókn í gegnum alþjóðlegt skráningarkerfi vörumerkja (Madrid-bókunin). Skráningarkerfið er á vegum Alþjóðahugverkastofnunarinnar í Genf, WIPO.

Alþjóðlegt skráningarkerfi vörumerkja gerir það að verkum að þeir sem vilja fá merki sín vernduð í öðrum löndum geta lagt inn umsókn hjá Einkaleyfastofunni um alþjóðlega vörumerkjaskráningu.

Alþjóðleg umsókn verður að byggja á landsbundinni umsókn eða skráningu hér á landi. Umsækjandi verður því að hafa lagt inn umsókn um skráningu hér á

landi, hjá Einkaleyfastofunni, áður en alþjóðleg umsókn er lögð inn. Þá verður merkið að vera eins í báðum tilvikum og vöru- og þjónustulistinn má ekki vera víðtækari en fram kemur í landsbundnu umsókninni/skráningunni.

Í umsókn um alþjóðlega skráningu þarf að tilgreina í hvaða ríkjum er óskað skráningar. Hægt er að vernda merkið í öllum aðildarríkjum Madrid-bókunarinnar (aðildarríki eru yfir 80, þ.á m. Evrópusambandið, Kína og Bandaríkin). Hvert land fyrir sig tekur ákvörðun um skráningarhæfi umsóknar.

Umsóknin þarf að vera á ensku á sérstöku eyðublaði sem má nálgast á heimasíðu Alþjóðahugverkastofnunarinnar, [www.wipo.int/madrid](http://www.wipo.int/madrid) eða á [www.els.is](http://www.els.is). Umsýslugjald greiðist til Einkaleyfastofnunarinnar í samræmi við gjaldskrá. Umsóknargjald fer eftir fjölda ríkja sem óskað er skráningar í og er greitt beint til Alþjóðahugverkastofnunarinnar í Genf.

Á heimasíðu WIPO er að finna reiknivél, þar sem hægt er að reikna út tilskilin gjöld.

Umsækjandi getur notfært sér forgangsrétt við innlagningu alþjóðlegu umsóknarinnar. Ef alþjóðlega umsóknin er lögð inn hjá Einkaleyfastofunni innan **sex**



**mánaða** frá innlagningardegi landsbundnu umsóknarinnar telst hún fram komin samtímis umsókn merkisins hér á landi.

Alþjóðleg skráning gildir í 10 ár. Að þeim tíma liðnum er hægt að endurnýja skráninguna til 10 ára í senn, eins oft og eigandi þess óskar.



**Umsóknareyðublað fyrir alþjóðlega skráningu vörumerkis - forsiða**



## FÉLAGAMERKI



(411/1991)



(948/1996)



(424/2004)

Félagamerki er hægt að skrá hjá Einka-leyfastofunni. Með skráningu á félagamerki geta félög eða samtök öðlast einkarétt fyrir félagsmenn sína til að nota í atvinnustarfsemi sameiginlegt auðkenni fyrir vörur eða þjónustu. Jafnframt geta stjórnvöld, stofnanir, félög eða samtök öðlast einkarétt á merki sem notað er fyrir vörur eða þjónustu sem eftirlit eða staðlar taka til.

Félagamerki eru skráð í vörumerkjaskrá og verða að uppfylla sömu skilyrði og vörumerki fyrir skráningu. Að auki verða reglur er gilda um notkun merkisins að fylgja umsókn. Sama eyðublað er fyrir umsókn um skráningu á vörumerki og félagamerki, en tilgreina verður sérstaklega á eyðublaðinu að óskað sé skráningar á félagamerki, að öðrum kosti er litið á merkið sem vörumerki.

Alþjóðlegt skráningarkerfi vörumerkja gildir jafnframt fyrir félagamerki.



ISBN 978-9979-9785-2-7



**Einkaleyfastofan**

Engjateigur 3 • 150 Reykjavík

Sími: 580 9400 • Fax: 580 9401

postur@els.is • [www.els.is](http://www.els.is)